

Minnisblað til lista- og menningarráðs Kópavogs um skýrslu KPMG um menningarmál í Kópavogi - mars 2023

Lista- og menningarráð óskaði eftir umsögn forstöðumanns Bókasafns Kópavogs um skýrslu KPMG Kópavogsbær menningarmál. Greining á rekstri og tækifærum til hagræðingar.

Skýrsla KPMG er m.a. byggð á viðtölum við forstöðumenn menningarstofnana Kópavogsbæjar auk starfsfólks sem vinnur þvert á stofnanirnar. Forstöðumaður var kallaður í viðtal þann 4. janúar kl. 13:30-14:15. Daginn áður fékk forstöðumaður sendan spurningalista sem síðan var stuðst við í viðtalinu.

Í viðtalinu kom mjög skýrt í ljós að skilningur sérfræðinga KPMG á menningarmálum væri nánast enginn. Mikill tími viðtalsins fór í að útskýra grunnhugtök og grunnhugmyndir með menningu fyrir samfélagið og íbúa Kópavogsbæjar, auk þess sem ítrekað kom fram sá skakki skilningur að menningarstarfsemi lyti einvörðungu lögmálum gróðafyrirtækja. Menning skilar margföldum ágóða til samfélagsins og bæjarins alls sem ekki mælist í krónutölum, heldur m.a. í auðugu mannlífi, bættri lýðheilsu og upplýstu samfélagi ásamt því að gera Kópavog að eftirsóknarverðum íbúabæ. Heppilegra væri að úttektaraðilar KPMG hefðu kynnt sér þetta fyrir viðtalið.

- Bókasafnið er samfélagsþjónusta og eina rými bæjarins sem fólk getur komið inn á án þess að þurfa að finna sig knúið til að taka upp veskið.
- Bókasafnið er menningarmiðstöð og félagsmiðstöð íbúa, það er hlutlaus staður þar sem fólk getur nálgast bæði upplýsingar og afþreyingu og er rými sem bæjarbúar sækja í til að hitta vini eða koma með fjölskylduna.
- Bókasafnið er samfélagslegt vin bæjarins, það stuðlar að lýðheilsu og er stuðningur og félagslegt net einstæðinga, fólks sem er utangarðs og fólks sem þarfnast félagslegra tengsla. Fólks sem mögulega fer hvergi annað yfir daginn.
- Bókasafnið skipar stóran sess í inngildingu nýrra Kópavogsbúa og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi.

Nauðsynlegan skilning á öllu þessu skorti sárlega hjá sérfræðingum KPMG og endurspeglar skýrslan það.

Einnig kom mjög skýrt fram að úttektaraðilar KPMG höfðu að mjög litlu leyti kynnt sér starfsemi bókasafna almennt og því hlutverki sem þau gegna. Þess vegna fór tíminn að mestu í að útskýra grunnstarfsemi og hugmyndir að baki tilvist bókasafna fyrir samfélagið og mismunandi þætti starfseminnar. Tíminn hefði nýst mun betur ef úttektaraðilarnir hefðu haft lágmarksskilning á eðli þeirrar starfsemi sem þeir tóku að sér að greina. En þá hefði til dæmist verið hægt að ræða hvernig bókasafnið getur gert meira fyrir samfélagið og ólíka hópa bæjarins og hvað bókasafnið þarf til að geta sinnt þörfum allra sama hvaða kyni, aldri, stétt og stöðu gestir safnsins og íbúar Kópavogs tilheyra. Því miður höfðu úttektaraðilarnir ekki þá grunnþekkingu sem þarf svo gagn væri af.

Í upphafi skýrslu KPMG kemur fram fyrirvari við vinnslu skýrslunnar:

- Við greiningu á núverandi stöðu er stuðst við bókhaldsgögn árið 2022. Talnaefni úr fjárhagsáætlun ársins 2022 sem notað er til samanburðar við rauntölur eru frá fjármálasviði.
- KPMG hefur ekki framkvæmt könnun né aðra skoðun á ofangreindum fjárhagsupplýsingum.
- KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni greiningarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Tækifæri og hugmyndir sem lagðar eru fram byggja á fyrirliggjandi forsendum, sem þarfnast nánari útfærslu.

Í fyrirvaranum að ofan kemur skýrt fram að fyrirliggjandi forsendur sem KPMG notar til grundvallar fyrir skýrslunni þarfnast nánari útfærslu og að fjárhagsupplýsingar gætu verið rangar. Fagmannlegri væri að kalla eftir slíkum upplýsingum um útfærslum hjá viðkomandi stofnunum og tryggja um leið að byggt væri á réttum tölum. Útektaraðilar KPMG höfðu aldrei samband við undirritaða við vinnslu skýrslunnar eftir viðtalið. Aldrei var haft samband þegar nánari útfærslur voru unnar eða til að fá útskýringar á tölum eða öðru sem þarfnæðist augljóslega frekari skýringa við.

Samanburðartölur við önnur bókasöfn á höfuðborgarsvæðinu er engan veginn hægt að bera saman við Bókasafn Kópavogs:

- Mikill stærðarmunur er á sveitarfélögunum. Það hefur lítið upp á sig og er engan veginn samanburðarhæft að bera saman sveitarfélög líkt og Mosfellsbæ með 12.000 íbúa eða Reykjanesbæ með um 20.000 íbúa. Samanburður þarf að vera við sveitarfélag af sömu stærðargráðu og þau eru engin á Íslandi. Það bókasafn sem Bókasafn Kópavogs getur helst borið sig saman við er Bókasafn Hafnarfjarðar þar sem Hafnarfjörður er með um 30.000 íbúa. Einnig hefur Borgarbókasafnið í Grófinni verið það safn í Reykjavík sem helst er hægt að bera saman við, en safnið þjónar þó mun færri gestum en Bókasafn Kópavogs.
- Þeir tveir þættir sem alltaf eru skoðaðir þegar verið er að meta notkun á söfnum og starfsmannþörf eru útlánatölur og gestatölur. Óskiljanlegt er að þessar tölur hafi ekki verið hafðar með í samanburðartölunni, fyrst verið var að gera samanburð á annað borð. Tölur framsettar í töflu skýrslunnar segja enga efnislega sögu. Bókasafn Kópavogs fær tæplega 200.000 heimsóknir á ári og veitir um 160.000 útlán. Bókasafn Hafnarfjarðar, það sveitarfélag sem við kemst næst því að við getum miðað okkur við, tekur aðeins á móti 90.000 heimsóknum á ári.
- Líkt og fyrr segir þarf að skoða hvað liggur að baki tölunum. Stöðugildafjöldi, talan ein og sér, segir ekkert. Það verður að taka með í reikninginn hve mörg útibú stöðugildin þjónusta, líkt og í tifelli Bókasafns Kópavogs. Hjá okkur dreifast stöðugildin á tvö útibú, en öll hin söfnin í samanburðinum þjónusta eitt útibú, semsé utan Garðabæjar. **Við erum því að bera saman Bókasafn Kópavogs með 15,4 stöðugildi og tvö útibú með tæplega 200.000 gesti á ári og Bókasafn Hafnarfjarðar með 15,5 stöðugildi og eitt útibú með 90.000 gesti á ári. Ef við viljum getum við tekið Borgarbókasafn Grófinni með, þar eru 22 stöðugildi.**

- Rangfærslur eru í töflu varðandi opnunartíma. Eftir því sem skilja má á töflunni þá er áhersla á að draga sérstaklega fram sjálfsafgreiðslutíma safnanna. Útektaraðilium KPMG yfirsést alfarið að Bókasafn Kópavogs var fyrsta safnið á landinu sem tók sjálfsafgreiðslu árið 2016, hér er sjálfsafgreiðsla á aðalsafni opin alla virka daga kl. 8:00-9:00. Þá eru rangar tölur á bls. 19 í skýrslunni, bæði hvað varðandi afgreiðslutíma og launakostnað. Aðalsafn er opið mun lengur en fram kemur og einnig Lindasafn.
- Rekstrargreining Lindasafns gefur ekki raunsanna mynd af stöðu safnsins eins og hún er núna. Árið 2022 voru 10 milljónir af öðrum rekstrarkostnaði nýttar til kaupa á sjálfsafgreiðslubúnaði. Þessi upphæð kom ekki inn árið 2023 og því hefur annar rekstrarkostnaður safnsins lækkað um 10 milljónir í fjárhagsáætlun 2023 og er ekki nema 3-4 milljónir á þessu ári. Safnið greiðir enga húsaleigu en bætir mjög miklu við þjónustu, vellíðan og ánægju bæjarbúa með starfsemi sinni í Lindaskóla og er því mjög ódýr rekstur fyrir sveitarfélagið.

Í skýrslu KPMG komu fram áskoranir sem ræddar voru í viðtali við forstöðumann:

- Starfsmenn ná ekki að sinna þróunar- og nýsköpunarverkefnum. Þetta er hárrétt og vert að skoða betur að mati undirritaðrar. Bæjarstjóri boðar breytingar og sagði á fundi með starfsfólki menningarstofnana í gær, þann 4. apríl 2023, að við ættum ekki aðeins að gera betur heldur líka meira. Þetta er verðugt markmið en það næst nú traúðla með færri starfsólki. Við viljum mjög gjarnan fara í þróunarverkefni- og nýsköpunarverkefni, við viljum þjónusta fleiri hópa og gera betur gagnvart þeim hópum sem við nú þegar sinnum. Við viljum gera betur gagnvart unglingum, við viljum þjónusta betur eldri borgara, við viljum auka fræðslu gagnvart skólahópum og við viljum þjónusta fólk af erlendu bergi miklu betur en við gerum nú þegar. Öll þessi vinna tekur tíma og þarf starfsfólk til. Einnig er áhugi fyrir því að opna verkstæði (e. Maker space), hljóðvarpsstúdíó, hljóðver svo dæmi séu tekin. Þetta eru nýsköpunarverkefni sem þarfnast starfsfólks. Vonandi er því skilningur á því að starfsfólk færist til í starfi innanhúss til að geta sinnt þessum nýju verkefnum.
- Að þjónusta efri byggðir. Þetta hefur verið til umræðu í mörg ár og alltaf kviknar örlítið von með nýrri bæjarstjórn, en síðan gerist fátt. Núverandi meirihluti nefnir þjónustu í efri byggðum í málefnasamningi sínum og því eru bundnar miklar vonir við meirihlutann, að hann loksins láti verða af því að þjónusta stóru fjölskylduhverfin í efri byggðum. Sveitarfélag af þeirri stærðargráðu sem Kópavogur er ætti að vera löngu búíð að opna menningarmiðstöð eða bókasafn ofar í bænum. Ef þjónustan við efri byggðir á að vera í því formi að þjónusta leikskólana í efri byggðum frá aðalsafni eða Lindasafni, sem er ein af þeim hugmyndum sem upp hafa komið, þá þarf að hafa í huga að það þarf starfsfólk til þess. Slík þjónusta gerist ekki sjálfkrafa.

Í skýrslu KPMG kom fram hvað er vel gert:

- Mikilvægt að draga fram þann punkt þar sem nefnd eru góð samskipti starfsfólks og viðskiptavina. Þetta skiptir afskaplega miklu máli og hefur í gegnum tíðina verið aðalástæðan fyrir því að lánþegar koma á safnið og ástæðan fyrir því hvers vegna safnið fær svona marga gesti á ári. Það má ekki gleymast að söfnin eru ekkert án starfsfólks og að starfsfólk Bókasafns Kópavogs hefur alltaf lagt áherslu á að veita góða þjónustu og látið gestum líða vel á safninu. Það gerist ekki af sjálfu sér og gestir eru mjög meðvitaðir um það.

Í skýrslu KPMG koma fram fimm tillögur að tækifærum til úrbóta:

- *Auka sjálfsafgreiðslu með stafrænum lausnum.* Líkt og undirrituð hefur nefnt á fundum með bæði bæjarstjóra og lista- og menningarráði þá eru bókasöfnin á Íslandi með bókasafnskerfi sem býður í dag ekki upp á mikla möguleika hvað varðar fulla sjálfsafgreiðslu. T.d. er ekki hægt að greiða sektir í sjálfsafgreiðslu, ekki hægt að kaupa skírteini, né endurnýja, ekki hægt að fá rafrænt skírteini og ekki hægt að taka frá bækur. Það eina sem núverandi sjálfsafgreiðsluvélar, sem nota bene eru nýjar og endurbættar, ráða við er að lána út og taka við bókum á ný. Sjálfsafgreiðsla er jákvæð og frábær viðbótarþjónusta við þá þjónustu sem nú þegar er til staðar líkt og við sjáum í matvöruverslunum. Við sjáum að það er enn hægt að fara á kassa með starfsmanni, en ef þú vilt getur þú farið í sjálfsafgreiðslu þar sem er starfsmaður sem er til aðstoðar ef þörf er á. Sjálfsafgreiðsla og ekkert starfsfólk gengur því ekki í marga klukkutíma á dag, enda sést það á samanburðartöflunni við önnur bókasöfn. Um einn klukkutíma á dag er að ræða í mesta lagi.
- *Breyta opnunartíma og draga úr launakostnaði.* Það væri spennandi að skoða þetta og geta þá líkt og bæjarstjóri nefndi á starfsmannafundi í gær, 4. apríl 2023, nýtt starfsfólk í önnur verkefni. Líkt og t.d. nýsköpunar- og þróunarverkefni, þjónusta fleiri hópa og opna verkstæði. Það væri draumur, en því fylgir að halda því starfsfólki sem nú þegar er til staðar og svo ég vitni aftur í bæjarstjóra þá er jákvætt að heyra það sem hún sagði oftast en einu sinni í gær að það eigi ekki að skera niður og segja upp starfsfólki heldur að hagræða og færa til svo við getum gert betur og meira. Það viljum við svo sannarlega gera og það er spennandi að geta farið í ný verkefni með því starfsfólki sem er til staðar í dag.
- *Auka áherslu á þróunar- og nýsköpunarverkefni í upplýsingamiðlun.* Bókasafn Kópavogs hefur alltaf verið mjög framarlega í tækni og upplýsingamiðlun. Það hefur ekkert breyst og tekur safnið þátt í öllum þeim breytingum sem eiga sér stað í bókasafnsheimunum eftir því sem fjármagn leyfir. Bókasafnið hefur ávallt fylgst vel með því sem er að gerast á bókasöfnum erlendis og þá sérstaklega á Norðurlöndunum, enda hafa nágrannalöndin verið okkar helsta fyrirmynd þegar kemur að þróun bókasafna. Starfsfólk sækir reglulega ráðstefnur, byggir upp tengslanet og á í góðum samskiptum við samstarfsfólk bæði hér heima og erlendis.

- *Leigja út salina á 1. og 3. hæð.* Hér eru töluverð tækifæri til tekjuöflunar, en til þess þarf vitaskuld starfsfólk til þess að halda utan um útleiguna.
- *Langtíma markmið fyrir Kópavogsbæ að bjóða upp á bókasafnsþjónustu í efri byggðum, mögulega í samstarfi við skólabókasöfn.* Þetta er verðugt markmið en líkt og áður segir kallar slík þjónusta á starffólk. Árið 2002 var útibúið Lindasafn opnað, staðsett í Lindaskóla. Lindasafn er svokallað samsteypusafn, bæði skólabókasafn og almenningabókasafn, svo hjá Lindasafni, Lindaskóla og Bókasafni Kópavogs liggur mikil reynsla hvað varðar rekstur samstarfssafns og hugmyndin því ekki ný af nálinni. Þegar hugmyndir um þjónustu við efri byggðir eru skoðaðar þarf jafnframt að hafa í huga að íbúahópurinn er á öllum aldri og ekki síður mikilvægt að geta þjónustað þá sem eldri eru.

Líkt og fram kom á fundi með bæjarstjóra í gær, 4. apríl 2023 og nefnt hefur verið áður er margt einkennilegt í skýrslu KPMG. Til dæmis er töluleg meðferð svo grautarleg að eingin leið er á hverju vellingurinn byggir. Eðli málsins samkvæmt er launakostnaður hæstur á bókasafninu þar sem flest stöðugildi, en samanborið við hinar stofnanirnar er launakostnaður á hvert stöðugildi mjög lágur á bókasafninu og því er um mjög „ódýra“ starfsmenn fyrir sveitarfélagið að ræða.

Einnig er áhugavert að sjá að rekstrarkostnaður aðalsafns fyrir utan leigu á húsnæði og búnaði er ekki nema rúmlega 30 milljónir á ári. Safn af þessari stærðargráðu fær ekki nema 30 milljónir á ári til innkaupa á safnefni fyrir lánþega og í búnaðar kaup og endurnýjun á húsgögnum fyrir safnið. Til samanburðar fær Gerðarsafn rúmlega 46 milljónir.

Niðurlag

Öndvert við þann skilning sem forstöðumaður mætti í viðtalinu hjá úttektaraðilum KPMG er rétt að árétta hér að starfsemi menningarstofnana er til þess að þjóna samfélaginu, ekki til þess að afla því fjármunatekna.

Menning skilar margföldum ágóða til samfélagsins og bæjarins alls sem mælist m.a. í auðugu mannlífi, bættri lýðheilsu og upplýstu samfélagi ásamt því að gera Kópavog að ákjósanlegum stað til að búa.

Bæjarstjóri lagði mikla áherslu á það í máli sínu í gær að ekki væri um niðurskurð að ræða og starfsfólki yrði ekki sagt upp heldur væri um breytingar að ræða og tilefni til að endurskoða og breyta til. Vill forstöðumaður leggja áherslu á það að til þess að hægt sé að fara í breytingar er mikilvægt að halda þeim starfsmönnum með þá sérþekkingu sem þeir hafa.

Í lokin vill undirrituð koma því á framfæri að miðað við tölur og annan samanburð er Bókasafn Kópavogs rekið með mjög litlum tilkostnaði, rekstrarkostnaður er lágur, launakostnaður er lágur og stöðugildi í lágmarki og lægri miðað við sambærileg söfn á Íslandi. Við treystum því að Bæjarstjóri standi við þau orð að niðurskurður sé ekki í kortunum heldur breytingar og tilfærslur á störfum. Starfsfólk bókasafns hefur alltaf lagt sig 100% fram í starfi og vel það, reynt eftir fremsta megni að spara peninga sveitarfélagsins eins og hægt er, gert mun meira en miðað er við í starfslýsingum og alltaf sýnt mikla hollustu gagnvart

vinnustaðnum og gestum þess. Það er ómetanlegt fyrir sveitarfélagið og vonandi hafa bæjaryfirvöld skilning á því.

5. apríl 2023,

Lísa Zachrison Valdimarsdóttir,
forstöðumaður Bókasafns Kópavogs